



Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku og tilfærsluáætlun

Samstarf við leikskóla

Þar sem einungis unglingar eru í Tjarnarskóla er samstarf um flutning á milli skólastiga úr leikskóla í grunnskóla ekki til staðar.

Undanfarin ár höfum við haft valgrein í skólanum þar sem nemendum gefst kost á að heimsækja leikskóla einu sinni í viku og taka þátt í skólaförum. Reynslan af þessum heimsóknum hefur verið afar góð. Unglingarnir hafa verið ánægðir með þetta fyrirkomulag. Á tvennum þemadögum fyrir jóla- og 2016 og 2019 sömdu nemendur sögur og myndskreyttu og fluttu síðan sögurnar fyrir leikskólanemendum. Tókst alveg prýðilega. Auk þess hefur verið samstarf um „atvinnutengt nám“ fyrir nokkra nemendur síðast liðin ár.

Samstarf við þá grunnskóla sem nemendur koma úr

Þegar nýir Tjarnarskælingar hefja nám er óskað eftir að foreldrar veiti upplýsingar um námslega stöðu, s.s. í formi vitnisburðar og veiti einnig mikilvægar upplýsingar sem skólinn getur nýtt til að skipuleggja farsæla skólagöngu unglingsins. Það er gert í þeim tilgangi að hægt sé að stytta leiðina til að hver einstaklingur fái námsefni og kennslu við hæfi. Sumir skólar fylgja sínum nemendum vel úr hlaði til okkar til þess að tryggja sem best að tími og kraftar nýtist vel frá upphafi. Í sumum tilfellum hafa umsjónarkennarar samband við kennara í þeim skóla sem þeir koma úr til þess að afla nánari upplýsinga og margir skólar senda viðbótargögn, þegar það á við og þörf er á.

Námsþátturinn „menntun og störf“ – góð tengsl við framhaldsskólana

Í 10. bekk eru tvær kennslustundir á viku sem við nefnum MEST; menntun og störf. Í þessum tímum fræðast nemendur um námsfyrirkomulag framhaldsskólanna, námskröfur, menningu hvers skóla og fleira. Nemendur kynna sér einnig menntunarleiðir fyrir hin ýmsu störf sem þeir geta stefnt að í framtíðinni. Kennari fer með nemendur í heimsóknir í flesta framhaldsskólana á hverjum vetri. Augum nemenda er einnig beint að atvinnulífinu í þessum tímum.

Fjarnámsáfangar

Á undanförunum árum hafa nemendur átt kost á að vera í fjarnámsáföngum í framhaldsskóla. Um er að ræða sameiginlega ákvörðun kennara, foreldra og nemenda. Talsvert margir nemendur hafa tekið fjarnámsáfangum, ýmist í FÁ eða VÍ.

Á undanförunum árum hefur þátttökulistinn verið þannig:

Ár	Fjöldi nemenda	Heildarfjöldi áfanga
2006 – 2007	14	24 áfangar
2007 – 2008	13	32 áfangar
2008 – 2009	15	39 áfangar (einn nemandi lauk stúdentsprófi í þýsku)
2010 – 2011	16	25 áfangar
2012- 2013	3	4 áfangar
2013 – 2014	7	14 áfangar
2014 – 2015	5	12 áfangar
2015 – 2016	5	7 áfangar
2016 – 2017	1	2 áfangar
2017 - 2018	6	11 áfangar
2018 - 2019	6	14 áfangar
2019 - 2020	9	14 áfangar

Stærðfræðikeppnin í MR

Síðast liðin ár hefur Menntaskólinn í Reykjavík boðið Tjarnskælingum að taka þátt í árlegri stærðfræðikeppni sem skólinn stendur fyrir. Við áttum tvo verðlaunahafa í keppninni 2018 – 2019.

Nýir Tjarnskælingar

Í umsóknarferli í skólanum koma allir umsækjendur í heimsókn í skólann áður en þeir sækja um. Skólastjóri kynnir skólastarfið fyrir viðkomandi og sýnir skólahúsnæðið. Eftir umsóknarferlið, og ef nemandinn fær skólavist, þá er hann undirbúinn fyrir fyrstu skrefin. Við skólasetningu leggur skólastjóri ávallt áherslu á að eldri nemendur taki sérstaklega vel á móti þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref. Skólastjóri og umsjónarkennari ræða við hvern bekk fyrsta skóladaginn og fá eldri nemendur til þess að hafa nýja nemendur sem sessunauta og vera þeim innan handar meðan þeir kynnast „Tjarnarskólataktinum“. Umræður um hlýlegt viðmót og tillitssemi fara fram strax fyrsta daginn í skólanum. Umsjónarkennari nýrra nemenda ræðir síðan við þá fyrstu dagana og hugar að líðan og svarar spurningum sem vakna.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir

Ef nemandi með sérþarfir sækir um skólavist leggja starfsmenn sig fram um að afla upplýsinga um í hverju sérþarfir hans felast og mæta þeim eins og kostur er. Að öllu jöfnu er framgangur eftirfarandi:

Í umsókn um skólavist eru foreldrar beðnir að veita upplýsingar um hvort nemandi er með einhverjar greiningu og/eða sérþarfir og í hverju þær felast.

Áður en nemandi hefur nám við skólann er að öllu jöfnu haldinn fundur með foreldrum og ráðgjöfum /sérfræðingum/skólahjúkrunarfræðingi/fulltrúum frá Þjónustumiðstöð/Greiningarstöð ríkisins, Barnavernd eða öðrum, eftir því hverjar sérþarfir eru. Ef ekki er unnt að hafa fund áður en nemandi sest á skólabekk í Tjarnarskóla, er fundur haldinn eins fljótt og kostur er. Óskað er eftir tiltækum gögnum um nemandann og farið vel yfir hvernig best er að taka á móti honum með hans þarfir í huga og nemendahópnum sem hann kemur til með að vera í. Einnig er hugað að því hvaða upplýsingar er heppilegt að veita bekkjarfélögum/skólafélögum, allt eftir því hver staðan er. Í flestum tilvikum fellur sú upplýsingagjöf í hendur skólastjóra/umsjónarkennara/skólahjúkrunarfræðings. Sú upplýsingagjöf er einungis veitt í samráði við foreldra.

Þegar þörf er á er komið á reglulegum **teymisfundum**. Stoðkennari, umsjónarkennari og skólastjóri vinna náið saman um fundarboð, gagnaöflun og samvinnu við kennarahópinn um dagleg úrræði fyrir nemandann. Stuðningskennari veitir einnig daglegar/vikulegar upplýsingar til foreldra, allt eftir því hvers eðlis sérþarfir nemandans eru. Í lok hverrar annar fer kennarahópurinn saman yfir stöðu nemandans og leggur línurnar fyrir næstu önn. Aðkoma foreldra er ávallt til staðar.

Tilfærsluáætlun fyrir nemendur með sérþarfir

Í 17. grein reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 segir: „Þegar nemandi nýtur sérúrræða, skv. ákvæðum þessa kafla, skulu kennarar, og aðrir fagaðilar ásamt nemandanum og foreldrum hans, taka þátt í mótun og gerð tilfærsluáætlunar sem byggir á einstaklingsáætlun og öðrum gögnum og skal miða við að undirbúningur hennar hefjist í 9. bekk. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og stöðu og áform hans um frekara nám. Ennfremur aðrar upplýsingar vegna fyrirhugaðs náms hans við hæfi í framhaldsskóla og síðar fyrir þátttöku í atvinnulífi.“

Í Tjarnarskóla er ávallt leitast við að byggja upp góð tengsl á milli nemenda og foreldra annars vegar og þeirra sem bera ábyrgð á náminu í skólanum. Þegar nemandi með sérþarfir/hefur af einhverjum orsökum ekki náð hefðbundnum markmiðum grunnskólans vinnum við að tilfærslu þannig:

- a) Umsjónarkennari/skólastjóri/námsráðgjafi ræðir við nemandann og foreldra um mögulegar leiðir í framhaldsskólakerfinu og ráðleggur foreldrum að hafa samband við námsráðgjafa í þeim skóla sem nemandanum/foreldrum líst best á.
- b) Skólastjóri tekur saman helstu upplýsingar um nemandann; framgang í námi, félagslega stöðu, sterkar og veikar hliðar nemandans og sendir til námsráðgjafa/deildarstjóra/skólameistara í þeim skóla þar sem nemandinn óskar að sækja um skólavist. Áður en bréfið er sent sendir skólastjóri foreldrum bréfið til umsagnar/samþykktar. Hann tekur tillit til athugasemda ef einhverjar eru. Foreldrar geta einnig sett bréfið sem fylgiskjal inn í Innu, ef þeim sýnist svo.
- c) Nemendur í 10. bekk fara í margar heimsóknir í framhaldsskóla með umsjónarkennaranum sínum í námsgreininni menntun og störf (Mest). Hann skipuleggur einnig einstaklingsheimsóknir ef þarf fyrir nemanda sem þess óskar (í samráði við foreldra).

Þessi tilhögun hefur gefist vel, er persónuleg og með fullu samþykki nemandans og foreldra.

